



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 9/2009 Endurákvörðun rekstrargjalds Símans vegna rekstrarársins 2007

I.

Ágreiningsefni málsins

Í máli þessu er annars vegar deilt um hvort 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun veiti stofnuninni fullnægjandi heimild til álagningar rekstrargjalds. Síminn telur svo ekki vera þar sem skattstofninn sé ekki skilgreindur í lögum. Í öðru lagi er deilt um hvort tilteknir tekjuliðir í rekstri Símans falli innan stofns til rekstrargjalds, þ.á.m. tekjur félagsins af internetþjónustu.

II.

Málavextir og bréfaskipti

2.1 Bréf PFS til allra fjarskiptafyrirtækja, dags. 9. apríl 2008

Með bréfum, dags. 9. apríl 2008, minnti Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) skráð fjarskiptafyrirtæki á að upplýsingar um gjaldskylda veltu af fjarskiptastarfsemi þyrftu að berast stofnuninni eigi síðar en 30. apríl s.á., sbr. 5. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Álagningu rekstrargjalds skyldi svo lokið eigi síðar en 15. maí s.á., sbr. 6. mgr. 14. gr. sömu laga.

Í ofangreindu bréfi var athygli fjarskiptafyrirtækja ennfremur vakin á því að skilgreiningu hugtaksins „fjarskiptaþjónusta“ í 14. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 hefði verið breytt með lögum nr. 39/2007 frá 27. mars 2007. Nú félli internetþjónusta (tölvupóstþjónusta og netaðgangur) undir fjarskiptaþjónustu og væri slík þjónusta því rekstrargjaldsskyld frá og með 31. mars 2007, en lögín voru birt í Stjórnartíðindum 30. mars s.á.

2.2 Framtal Skipta hf. til rekstrargjalds, dags. 2. maí 2008

Þann 2. maí 2008 barst PFS tölvupóstur frá Skiptum hf. (móðurfélagi Símans hf. og Mílu ehf.) sem hafði að geyma upplýsingar um gjaldskylda veltu móðurfélagsins til rekstrargjalds fyrir rekstrarárið 2007. Gjaldskyld velta var sögð nema kr. [...]¹ og næmi því 0,3% rekstrargjald kr. [...]².

2.3 Tölvupóstur PFS til Skipta hf., dags. 5. maí 2008

PFS svaraði ofangreindum tölvupósti frá Skiptum hf. þann 5. maí s.l. Þar kom m.a. fram að samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 bæri „fjarskiptafyrirtækjum“ að greiða rekstrargjald. Skipti hf. væri ekki fjarskiptafyrirtæki heldur eignarhaldsfélag. Ekki yrði því lagt rekstrargjald á Skipti hf. Hins vegar væru Síminn hf. og Míla ehf. fjarskiptafyrirtæki sem bæri að greiða rekstrargjald. Það væri PFS að meinalausu að Skipti hf. annaðist útreikning og upplýsingagjöf vegna stofns til rekstrargjalds fyrir Símann og Mílu. Hins vegar þyrfti að sundurliða með skýrum hætti rekstrartekjur hvors aðila um sig af fjarskiptastarfsemi eins og um sjálfstæða framlagningu gagna væri að ræða. Því teldi PFS að þær samandregnu tölulegu niðurstöður sem fram kæmu í umræddum tölvupósti væru ekki fullnægjandi upplýsingar um gjaldskylda veltu fyrirtækjanna. Upplýsingarnar þyrftu að vera mun gagnsærri og sundurliðaðri.

Ennfremur benti PFS á að stofnuninni væri heimilt að áætla veltu viðkomandi aðila sem ekki skiluðu upplýsingum um gjaldskylda veltu, sbr. 5. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003. Þar sem PFS væri að undirbúa álagningu rekstrargjalds, sem fram þyrfti að fara í síðasti lagi 15. maí n.k., gæti stofnunin ekki veitt Símanum og Mílu lengri frest en til 9. maí n.k. til að skila fullnægjandi upplýsingum um gjaldskylda veltu hvors fyrirtækisins um sig af fjarskiptastarfsemi.

2.4 Framtal Símans til rekstrargjalds, dags. 9. maí 2008

Með bréfi, dags. 9. maí 2008, barst svar Skipta hf. Fram kom að ágreiningur við PFS um stofn til rekstrargjalds væri ekki nýr af nálinni og varðaði fyrst og fremst meðferð á svokallaðri innri veltu við álagningu rekstrargjalds. Skipti gerði fyrirvara við greiðsluskyldu vegna internetþjónustu sem félagið teldi ekki vera „fjarskiptaþjónusta“ samkvæmt tilskipunum ESB um fjarskipti.

Meðfylgjandi ofangreindu bréfi Skipta hf. frá 9. maí s.l. var fylgiskjal nr. 1 sem hafði að geyma yfirlit yfir bókfærða veltu af fjarskiptastarfsemi Skipta eins og henni var skilað með rafrænum hætti 2. maí s.l. Jafnframt fylgiskjöl 2 og 3 sem hafði að geyma sundurliðaðar tekjur af fjarskiptastarfsemi Símans annars vegar og Mílu hins vegar. Gjaldskyldar tekjur af fjarskiptastarfsemi Mílu voru sagðar nema kr. [...]³ (rekstrargjald kr. [...]⁴) og gjaldskyldar tekjur af fjarskiptastarfsemi Símans kr. [...]⁵ (rekstrargjald kr. [...]⁶).

¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

² Fellt brott vegna trúnaðar.

³ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

2.5 Álagning rekstrargjalds á Símann þann 15. maí 2008

Með bréfi, dags. 15. maí 2008, lagði PFS rekstrargjald að fjárhæð kr. [...] ⁷ á Símann í samræmi við ofangreindar upplýsingar um gjaldstofn. PFS tók fram að þar sem ágreiningur hefði komið upp um rekstrargjaldsstofn, m.a. varðandi internetþjónustu, og skammur tími væri til stefnu fram að lokadegi almennrar álagningar rekstrargjalds hefði stofnunin ákveðið að svo stöddu að byggja álagningu rekstrargjalds á innsendum upplýsingum um gjaldstofn. PFS gerði hins vegar þann fyrirvara að stofnunin hefði í hyggju að skoða álagningarstofn og forsendur álagningar rekstrargjalds á félagið að nýju, sbr. 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, ef rannsókn stofnunarinnar gæfi tilefni til þess.

2.6 Fyrirspurnarbréf PFS til Símans, dags. 30. júní 2008

Með bréfi, dags. 30. júní s.l., óskaði PFS eftir tilteknum upplýsingum frá Símanum um gjaldstofn félagsins til rekstrargjalds, sbr. neðangreint.

Samkvæmt upplýsingum í ofangreindu bréfi Skipta hefði velta Símans á *fjarskiptanetssviði* numið kr. [...] ⁸ á árinu 2007. Gjaldskyld umferð næmi að mati Símans kr. [...] ⁹ en ógjaldskyldar *aðrar tekjur* kr. [...] ¹⁰. Óskað var eftir nákvæmum sundurliðunum á þeim tekjum sem Síminn teldi hér að mynduðu ekki stofn til rekstrargjalds (skipt niður á hagnaðarstöðvar og bókhaldslykla) og útskýrði í hverju þær fælust ásamt rökstuðningi fyrir því hvers vegna þær féllu ekki innan rekstrargjaldsstofns að mati Símans.

Þá kæmi fram í ofangreindu bréfi Skipta að heildarvelta Símans á *gagnaflutningssviði* hefði numið kr. [...] ¹¹ á árinu 2007. Þar af hefði gjaldskylda velta numið kr. [...] ¹² að mati félagsins. Mánaðargjöld *gagnaflutningssviðs* hefðu numið kr. [...] ¹³. Þar af hefði gjaldskyld velta numið kr. [...] ¹⁴. Að mati PFS fælist mismunurinn, kr. [...] ¹⁵, væntanlega í tekjum af internetþjónustu sem Síminn hefði hingað til ekki talið innan stofns til rekstrargjalds. Slíkar tekjur hefðu hins vegar orðið gjaldskyldar frá og með 31. mars 2007. PFS óskaði eftir nákvæmum sundurliðunum á þeim tekjum sem Síminn teldi hér að mynduðu ekki stofn til rekstrargjalds (skipt niður á hagnaðarstöðvar og bókhaldslykla) og útskýrði í hverju þær fælust ásamt rökstuðningi félagsins fyrir því hvers vegna þær féllu ekki innan rekstrargjaldsstofns að mati Símans. Þá óskaði PFS eftir upplýsingum um tekjur Símans af internetþjónustu annars vegar frá 1. janúar – 31. mars 2007 og hins vegar frá 1. apríl – 31. desember s.á.

⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹² Fellt brott vegna trúnaðar.

¹³ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

Pá teldi Síminn að *aðrar tekjur* gagnaflutningssviðsins að fjárhæð kr. [...] ¹⁶ væru ekki gjaldskyldar. PFS óskaði eftir nákvæmum sundurliðunum á þeim tekjum sem félagið teldi hér að mynduðu ekki stofn til rekstrargjalds (skipt niður á hagnaðarstöðvar og bókhaldslykla) og útskýrði í hverju þær fælust ásamt rökstuðningi fyrir því að þær féllu ekki innan rekstrargjaldsstofns.

Að lokum kæmi fram í ofangreindu bréfi Skipta að velta Símans af starfsemi sem félli ekki undir kjarnasvið (þ.e. talsímasvið, farsímasvið, gagnaflutningssvið eða fjarskiptanet) hefði numið kr. [...] ¹⁷. Að mati félagsins næmi gjaldskyld velta vegna þessarar starfsemi kr. [...] ¹⁸. PFS óskaði eftir nákvæmum sundurliðunum á þeim tekjum sem Síminn teldi hér að myndaði ekki stofn til rekstrargjalds (skipt niður á hagnaðarstöðvar og bókhaldslykla) og útskýrði í hverju þær fælust ásamt rökstuðningi fyrir því að þær féllu ekki innan rekstrargjaldsstofns.

2.7 Svarbréf Símans, dags. 18. ágúst 2008

Svar Símans við ofangreindri fyrirspurn barst með tölvupósti þann 18. september 2008. Fram kom að meðfylgjandi sendust gögn vegna rekstrargjaldsstofns Símans fyrir árið 2007, ásamt skýringum frá fjármálasviði félagsins. Í þessari yfirferð hefði komið í ljós villa við framtalningu rekstrargjalds vegna gagnaflutnings. Villan væri í skjölunum og framsetningu fremur en í skilningi á rekstrargjaldsstofninum. Meðfylgjandi væri því endurreiknaður stofn fyrir rekstrargjaldið, ásamt sundurliðun niður á lykla og hagnaðarstöðvar og skýringum.

Varðandi tekjur af *fjarskiptanetsviði* sem Síminn teldi utan stofns að fjárhæð kr. [...] ¹⁹ kom fram að tekjur sem skráðar væru á lykla [...] ²⁰ væru vegna vörusölu sem félli utan rekstrargjaldsstofns. Útseld vinna og akstur hefði einnig fallið utan stofns samkvæmt skilgreiningu PFS. Á lykli [...] ²¹ og hagnaðarstöð [...] ²² væru skráðar áætlaðar tekjur vegna endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði að fjárhæð kr. [...] ²³.

Varðandi tekjur af starfsemi sem féll utan kjarnastarfsemi („*Annað*“) sem Síminn teldi utan stofns að fjárhæð rúma [...] ²⁴ króna kom fram að vörusala (lyklar [...] ²⁵ og [...] ²⁶) væri undanskilin rekstrargjaldsstofni. Á lykli [...] ²⁷ og hagnaðarstöð [...] ²⁸ væru skráðar tekjur vegna [...] ²⁹. Útseld vinna væri undanskilin rekstrargjaldi. Á lyklinum [...] ³⁰ væri

¹⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

²⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.

²¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

²² Fellt brott vegna trúnaðar.

²³ Fellt brott vegna trúnaðar.

²⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

²⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

²⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

²⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

²⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

²⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

um að ræða útselda þjónustu, m.a. sölu stoðsviða Símans til dótturfélaga (hagnaðarstöðvar [...]³¹). Á lyklinum [...]³² væri færður söluhagnaður eða tap af fastafjármunum.

Varðandi tekjur af mánaðargjöldum á *Gagnaflutningsviði* sem Síminn teldi utan stofns að fjárhæð tæplega [...] króna kom fram að tekjur Símans Internets (hagnaðarstöð [...]³³) að fjárhæð kr. [...]³⁴ féllu utan rekstrargjaldsstofns fyrstu þrjá mánuði ársins. Þá féllu tekjur vegna leigu á búnaði að fjárhæð kr. [...]³⁵ einnig utan rekstrargjaldsstofns (hagnaðarstöðvar [...]³⁶). Þá féllu tekjur vegna dreifingar á sjónvarpsefni og leigu á myndlyklum (hagnaðarstöð [...]³⁷) að fjárhæð kr. [...]³⁸ einnig utan rekstrargjaldsstofns. Samtals næmu þessar undanþegnu tekjur kr. [...]³⁹.

Þegar tekjum af internetþjónustu fyrir níu síðustu mánuði ársins 2007 væri bætt við rekstrargjaldsstofn Símans hækkaði hann um kr. [...]⁴⁰ (kr. [...]⁴¹ vegna mánaðargjalda og kr. [...]⁴² vegna umferðar). Áður uppgefinn rekstrargjaldsstofn Símans hefði numið kr. [...]⁴³ en næmi eftir þessar breytingar kr. [...]⁴⁴.

Varðandi *aðrar tekjur* gagnaflutningsviðs að fjárhæð kr. [...]⁴⁵ sem Síminn teldi utan stofns væri um að ræða tekjur að fjárhæð kr. [...]⁴⁶ vegna samnings við [...]⁴⁷ um [...]⁴⁸ (hagnaðarstöð [...]⁴⁹). Afgangurinn að fjárhæð kr. [...]⁵⁰ væru tekjur vegna taps við sölu fastafjármuna (lykill [...]⁵¹), útseld vinna og akstur (lyklar [...]⁵²) og útseld þjónusta (lykill [...]⁵³).

³⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.
³¹ Fellt brott vegna trúnaðar.
³² Fellt brott vegna trúnaðar.
³³ Fellt brott vegna trúnaðar.
³⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.
³⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.
³⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.
³⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.
³⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.
³⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴¹ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴² Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴³ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁴⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁵⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁵¹ Fellt brott vegna trúnaðar.
⁵² Fellt brott vegna trúnaðar.
⁵³ Fellt brott vegna trúnaðar.

2.8 Fyrirspurnarbréf PFS til Símans, dags. 21. ágúst 2008

Með bréfi PFS til Símans, dags. 21. ágúst 2008, vísaði stofnunin til ofangreinds svarbréfs félagsins, dags. 18. ágúst 2008, þar sem að mati PFS mætti ráða að Síminn hafi horft frá fyrirvara um greiðsluskyldu vegna internetþjónustu sem fram kom í bréfi Skipta til stofnunarinnar, dags. 9. maí 2008. Væri skilningur PFS rangur varðandi þetta atriði væri þessi farið á leit við félagið að það leiðrétti þann misskilning og gerði nákvæmari grein fyrir afstöðu sinni varðandi umrætt atriði.

Þá taldi PFS ástæðu til að óska eftir frekari upplýsingum, gögnum og sjónarmiðum Símans varðandi tilteknar tekjur sem féllu undir *gagnaflutningsvið* og stöfuðu af samningi félagsins við [...] ⁵⁴ og félagið teldi að félli ekki undir stofn til rekstrargjalds. Óskað var eftir nánari skýringum á hagnaðarstöð [...] ⁵⁵ undir lyklinum [...] ⁵⁶. Samkvæmt áður framkomnum skýringum Símans væri um að ræða tekjur vegna samnings við [...] ⁵⁷ um [...] ⁵⁸.

Nánar tiltekið væri óskað eftir skýringum og rökstuðningi á því hvers vegna ofangreindar tekjur, sem fælust í [...] ⁵⁹, teldust ekki til rekstrargjaldsskyldrar fjarskiptastarfsemi. Þá væri óskað eftir sundurliðun á tekjum þeim sem vörðuðu [...] ⁶⁰ annars vegar og tekjur vegna [...] ⁶¹ hins vegar. Einnig að umræddur samningur yrði látinn í té.

2.9 Svarbréf Símans, dags. 12. september 2008

Í svarbréfi Símans, dags. 12. september 2008, kom fram að í meðfylgjandi fylgiskjölum væri að finna *skil Símans á rekstrargjaldsstofnunum* og vísaðist til skýringa sem þar kæmu fram.

Síminn áréttaði að félagið hefði ekki horfið frá ofangreindum fyrirvara. Internetþjónusta félli ekki undir skilgreiningu á hugtakinu fjarskiptaþjónusta eins og það væri skilgreint í fjarskiptaregluverki ESB, nánar tiltekið í c-lið 2. gr. rammatilskipunar nr. 2002/21/EB. Þá yrði einnig að telja verulegan vafa leika á því að internetþjónusta teldist fjarskiptaþjónusta í skilningi 14. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga. Þvert á móti væri internetþjónusta upplýsingatækniþjónusta eða þjónusta í upplýsingasamfélaginu.

Internetþjónusta teldist ekki til fjarskiptaþjónustu samkvæmt ofangreindu ákvæði rammatilskipunarinnar enda fæli hún ekki í sér að öllu eða mestu leyti að flytja merki um rafræn fjarskiptanet. Með netaðgangi væri hins vegar átt við þjónustu eins og ADSL þjónustu sem veitti netaðgang. Þjónustan sem lægi þar ofan á væri hins vegar ekki fjarskiptaþjónusta. PFS hefði staðfest þennan skilning í umfjöllun sinni á

⁵⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁵⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁵⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁵⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁵⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁵⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

fjarskiptamarkaði 12 (heildsöluaðgangur að breiðbandsþjónustu), sbr. tilvitnun í 22. mgr. í viðauka A með ákvörðun PFS nr. 8/2008. Með netaðgangi í ofangreindri tilvitnun væri ekki átt við internetþjónustu heldur þjónustu sem veitti aðgang að interneti líkt og ADSL þjónusta. Ákvæði PFS að halda sig við að telja internetþjónustu til fjarskiptaþjónustu væri stofnunin því að fara gegn eigin ákvörðun á markaði 12.

Auk ofangreinds væri minnt á umfjöllun úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í úrskurði nr. 3/2006 þar sem m.a. kæmi fram að heimildir stjórnvalda til skattlagningar skyldu vera skýrar og ótvíræðar og hverskonar túlkun stjórnvalds á skattaákvæðum sem ekki samrýmdust orðanna hljóðan gæti talist brjóta í bága við meginreglu 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Síminn teldi því líkan vafa leika á því hvort skattlagningarheimild væri til staðar í fjarskiptalögum að álagning rekstrargjalds færi gegn stjórnarskránni, fjarskiptalögum, rammatilskipun ESB og ofangreindum úrskurði úrskurðarnefndar. Síminn krefðist þess því að PFS félli frá fyrirætlunum sínum um að telja internetþjónustu til fjarskiptaþjónustu og þar með hluta af rekstrargjaldsstofni.

Í fylgiskjali með svarbréfi Símans kom fram að allar tekjur sem skráðar væru á lykli [...] ⁶² að fjárhæð kr. [...] ⁶³ væru vegna [...] ⁶⁴ samnings við [...] ⁶⁵. Tekjur vegna [...] ⁶⁶ næmu kr. [...] ⁶⁷ en tekjur vegna [...] ⁶⁸ kr. [...] ⁶⁹. Tekjur á lykli [...] ⁷⁰ að fjárhæð kr. [...] ⁷¹ væru vegna [...] ⁷² og tekjur á lykli [...] ⁷³ að fjárhæð kr. [...] ⁷⁴ væru vegna [...] ⁷⁵ sem falla ættu undir rekstrargjaldsstofn. Tekjur á lykli [...] ⁷⁶ að fjárhæð kr. [...] ⁷⁷ væru vegna [...] ⁷⁸. Í raun og veru væri um að ræða [...] ⁷⁹ sem ekki félli undir rekstrargjaldsstofn.

Samkvæmt ofangreindu yfirliti Símans hækkaði stofn til rekstrargjalds um kr. [...] ⁸⁰ frá því yfirliti sem barst með bréfi Símans, dags. 18. ágúst 2008, eða úr kr. [...] ⁸¹ í kr. [...] ⁸².

⁶² Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶³ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷² Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷³ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸² Fellt brott vegna trúnaðar.

2.10 Tilkynning PFS um fyrirhugaða endurákvörðun rekstrargjalds Símans, dags. 18. desember 2008

Með bréfi PFS til Símans, dags. 18. desember 2008, tilkynnti stofnunin að hún hefði í hyggju að ákvarða álagningu rekstrargjalds Símans að nýju fyrir rekstrarárið 2007 þar sem álagningarstofn sá sem lagður hefði verið til grundvallar álagningar á félagið 15. maí 2008 hefði ekki reynst réttur að mati stofnunarinnar. Því hefðu forsendur álagningarinnar ekki verið réttar. PFS hefði í hyggju að styðjast við álagningarstofn þann sem Síminn taldi fram með bréfi, dags. 9. maí 2008, kr. [...] ⁸³, að viðbættum þeim tekjum sem PFS teldi að væri gjaldskyldar til rekstrargjalds.

Síminn hefði haldið því fram að tekjur af sölu félagsins á internetþjónustu síðustu níu mánuði ársins 2007, að fjárhæð kr. [...] ⁸⁴, væru ekki gjaldskyldar til rekstrargjalds og hefðu þess vegna ekki verið taldar fram til stofns í bréfi Skipta hf. frá 9. maí 2008. Að mati Símans félli internetþjónusta ekki undir skilgreiningu á hugtakinu *fjarskiptaþjónusta* eins og það væri skilgreint í fjarskiptaregluverki ESB. Eins léki verulegur vafi á því að internetþjónusta teldist fjarskiptaþjónusta í skilningi 14. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga ⁸⁵ heldur upplýsingatækniþjónusta eða þjónusta í upplýsingasamfélaginu. Að mati Símans fæli internetþjónusta ekki í sér að öllu eða mestu leyti að flytja merki um fjarskiptanet. Með netaðgangi væri hins vegar átt við þjónustu eins og ADSL þjónustu sem veitti netaðgang. Þjónustan sem lægi þar ofan á væri hins vegar ekki fjarskiptaþjónusta.

Samkvæmt 15. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 væri hugtakið *fjarskiptaþjónusta* skilgreint sem „þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur.“ Að mati PFS yrði internetþjónusta ekki veitt með öðrum hætti en með því að beina merkjum um fjarskiptanet. Ekki yrði talið að hér væri um *virðisaukandi þjónustu* að ræða en það hugtak væri skilgreint í 29. tölul. ofangreindrar lagagreinar sem „þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.“ Sama fyrirtæki (t.d. internetþjónustuaðili) gæti t.a.m. boðið fjarskiptaþjónustu, eins og aðgang að internetinu, og þjónustu sem teldist virðisaukandi þjónusta, svo sem framboð efnis á vefgrunni.

Orðunum „*þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur*“ hefði verið bætt við skilgreiningu á hugtakinu *fjarskiptaþjónusta* í 14. tölul. 3. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með 1. gr. laga nr. 39/2007 um breytingu á lögum nr. 81/2003 um fjarskipti. Í frumvarpsathugasemdunum kæmi fram að hugtakið *fjarskiptaþjónusta* væri skilgreint nokkuð rúmt í 14. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga, þ.e. þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti fælist í því að beina merkjum um fjarskiptanet. Hins vegar hefði verið lögð nokkuð þrengri merking í hugtakið en orðalag þess gæfi beinlínis tilefni til. Í framkvæmd hefði *internetþjónusta* þannig ekki verið álitin falla undir hugtakið. Sú framkvæmd væri á hinn bóginn ekki í fullu samræmi við rammatilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/21/EB, en þar væri gert ráð fyrir að tölvupóstþjónusta og netaðgangur félli undir gildissvið tilskipunarinnar, sbr. 10. gr. formála hennar. Með netaðgangi væri átt við aðgang að

⁸³ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸⁵ Nú 15. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, sbr. 1. gr. laga nr. 118/2008.

internetinu og öðrum almennum IP-netum sem stæðu almenningi til boða. Í ljósi þess að með frumvarpinu væri lagt til að PFS yrði heimilað að setja reglur um öryggi fjarskiptaþjónustu (sem ættu m.a. að ná til *internetþjónustu*) þætti rétt að taka af allan vafa um að tölvupóstþjónusta og netaðgangur teldist jafnframt til fjarskiptaþjónustu. Loks kom fram að þessi breyting myndi jafnframt hafa í för með sér að stofn sá sem rekstrargjaldið væri reiknað út frá myndi einnig ná til þeirrar þjónustu sem nú væri almennt kölluð *internetþjónusta*.

Samkvæmt ofangreindu væri ótvírætt að löggjafinn hefði með lagabreytingunum á árinu 2007 haft í huga að þjónusta sem almennt væri kölluð *internetþjónusta* félli undir hugtakið *fjarskiptaþjónusta*. Þar af leiddi að tekjur af *internetþjónustu* mynduðu stofn til rekstrargjalds eins og reyndar væri sérstaklega tekið fram í ofangreindum frumvarpsathugasemdum. PFS hefði því í hyggju að hækka rekstrargjaldsstofn Símans vegna tekna sem félagið hafði af *internetþjónustu* síðustu níu mánuði ársins 2007 en þær hefðu samkvæmt upplýsingum félagsins numið kr. [...] ⁸⁶.

Þá hefði PFS í hyggju að hækka rekstrargjaldsstofn Símans um kr. [...] ⁸⁷ vegna tekna vegna sjónvarpsdreifingar fyrir [...] ⁸⁸ en Síminn hefði fallist á það í svarbréfi sínu, dags. 12. september 2008, að þær tekjur mynduðu stofn til rekstrargjalds.

Samkvæmt öllu ofangreindu hefði PFS í hyggju að hækka framtalinn stofn Símans til rekstrargjalds fyrir rekstrarárið 2007 um kr. [...] ⁸⁹. Stofninn hækkaði því úr kr. [...] ⁹⁰ í kr. [...] ⁹¹. Samkvæmt þessu hækkaði rekstrargjald Símans þar af leiðandi um kr. [...] ⁹², úr kr. [...] ⁹³ í kr. [...] ⁹⁴, fyrir umrætt ár. PFS hefði því í hyggju að ákvarða Símanum hf. rekstrargjald að fjárhæð kr. [...] ⁹⁵ fyrir rekstrarárið 2007.

PFS veitti Símanum færi á að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun. Félaginu var bent á að ef frekari gögn, skýringar og/eða sjónarmið bærust ekki innan tilsettra tímamarka mætti búast við því að stofnunin hrinti fyrirhugaðri endurákvörðun í framkvæmd í samræmi við ofangreindar forsendur.

2.11 Andmælabréf Símans, dags. 23. janúar 2009

Andmæli Símans við fyrirhugaðri endurákvörðun PFS á rekstrargjaldi félagsins bárust stofnuninni með bréfi, dags. 23. janúar 2009.

⁸⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁹⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁹¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁹² Fellt brott vegna trúnaðar.

⁹³ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁹⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁹⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

Í fyrsta lagi byggði Síminn á því að skattstofn til rekstrargjalds samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 væri ekki skilgreindur í lögum og því skorti PFS lagaheimild til álagningar rekstrargjalds. Það væri því krafa Símans að PFS félli frá boðaðri álagningu þar sem lagagrundvöll fyrir henni skorti.

Fyrirhuguð endurákvörðun PFS byggði í grunninn á 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003. Samkvæmt ákvæðinu væri skatthlutfallið 0,3% en skattstofninn rekstrartekjur sem Síminn hefði af fjarskiptastarfsemi sinni hér á landi. Hugtakið *fjarskiptastarfsemi* væri ekki skilgreint, hvorki í ákvæðinu sjálfu né annarsstaðar í lögum um PFS. Þetta kæmi skýrt fram í boðunarbréfi PFS þar sem stofnunin gerir tilraun til þess að giska á hvað hugtakið þýddi. Þeir tilburðir undirstrikuðu að þetta grundvallaratriði í boðaðri álagningu á Mílu, þ.e. skattstofninn sjálfur, væri ekki skilgreindur í lögum eins og nauðsynlegt væri.

Samkvæmt 40. og 77. gr. stjórnarskrár mætti ekki leggja skatt á, breyta honum eða af taka nema með lögum. Ekki mætti fela stjórnvöldum ákvörðun um þessi atriði. Af þessum ákvæðum væri ljóst að stjórnarskrárgjafinn gerði miklar kröfur til skattlagningarheimilda varðandi efni og skýrleika. Ekki yrðu lögð á menn önnur opinber gjöld en þau sem lög örugglega heimiluðu og skýra bæri þröngt slíkar lagaheimildir. Það væri ljóst að skattur yrði ekki lagður á nema a.m.k. tvennt lægi fyrir, annars vegar skatthlutfall og hins vegar skattstofn. Ef þetta tvennt lægi ekki fyrir væri ómögulegt að komast að niðurstöðu um skattheimtu nema upphæðin sem slík væri ákveðin í lögum. Skatthlutfallið lægi fyrir en skattstofninn byggði á hugtaki sem ekki væri skilgreint í lögum um PFS né öðrum lögum.

Í frumvarpi til stjórnskipunarlaga þar sem ofangreint ákvæði 77. gr. væri skýrt kæmi m.a. fram að leitast væri við að taka af skarið með miklu ákveðnari hætti en gert væri í 40. gr. stjórnarskrárinnar um að löggjafinn mætti ekki framselja til framkvæmdarvaldsins ákvörðunarrétt um hvort skattur yrði lagður á, honum breytt eða hann afnuminn, heldur yrði að taka afstöðu til slíkra atriða í settum lögum. Síminn féllist ekki á það að PFS hefði heimild til þess að ákveða sjálf hver skattstofninn sé sem álagning á félagið miðaðist við. Því væri aðferð stofnunarinnar sem fram kæmi í boðunarbréfinu ekki í samræmi við lög og ófullnægjandi grundvöllur fyrir boðaðri álagningu. Það væri almenn meginregla í skattarétti að léki vafi á um hvort skattskylda hefði stofnast bæri eftir atvikum að túlka vafann skattaðila í hag.

Í öðru lagi byggði Síminn á því að tilteknir tekjuliðir sem PFS byggði á í boðun sinni gætu ekki fallið innan stofns til rekstrargjalds.

Ef PFS féllist ekki á að falla frá hinni boðuðu endurákvörðun rekstrargjalds, þar sem fullnægjandi lagaheimild væri ekki fyrir henni, gerði félagið sérstakar athugasemdir við boðunina. Eins og fram kæmi í boðunarbréfi PFS teldi stofnunin sig þurfa að ákvarða hvað félli undir skattstofninn og hvað ekki. Teldi stofnunin sig hafa umrætt vald að lögum til þess að taka slíkar ákvarðanir og leggja á skatt yrði að gera miklar kröfur til þess að stofnunin gætti hófs. Í þeim tilfellum sem um vafa væri að ræða varðandi skattstofn væri ekki grundvöllur fyrir álagningu hvað þær tekjur varðaði. Vísað væri til umfjöllunar fræðimanna um að Hæstiréttur hefði lagt til grundvallar að það væri almenn

lögskýringarregla að túlka bæri að jafnaði þröngt ákvæði skattalaga sem íþyngdu skattþegnum. Þá gildi sú grundvallarregla að ekki yrðu lagðar á menn slíkar álögur nema skýr lagaheimild væri fyrir hendi.

PFS væri óheimilt að fella hvaðeina undir hugtakið *fjarskiptastarfsemi* sem vafi gæti verið á að fallið gæti þar undir. Af þessu leiddi að a.m.k. ákveðnar tekjur sem PFS teldi falla undir skattstofna Símans í boðun sinni gætu ekki talist til stofns til rekstrargjalds. Síminn krefðist þess að tekjur af sölu Símans á internetþjónustu síðustu níu mánuði ársins 2007, að fjárhæð kr. [...] ⁹⁶, féllu utan stofns til rekstrargjalds.

Í þriðja lagi byggði Síminn á því að með lögum nr. 172/2006 hefði skatthlutfall rekstrargjalds verið hækkað úr 0,2% í 0,3% vegna þess að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefði úrskurðað í máli nr. 3/2006 að innri velta Símans myndaði ekki stofn til rekstrargjalds. Í almennum athugasemdum við frumvarp til ofangreindra laga hefði sérstaklega verið tekið fram að umrædd hækkun ætti að gera stofnunina eins setta og áður. Samkvæmt boðaðri endurálagningu væri í raun verið að taka inn rekstur sem áður taldist til innri veltu Símans ef ekki hefði komið til skipulagsbreytingar innan Skiptasamstæðunnar og leiddi til þess að rekstrargjald Símans hækkaði umtalsvert. Það væri í beinni andstöðu við vilja löggjafans sem með hækkun skatthlutfallsins ætlaðist til að PFS yrði jafnsett og áður en innri veltan var tekin út.

III.

Forsendur ákvörðunar

3.1 Skattlagningarheimild 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003

Eins og fram kom hér að framan byggði Síminn andmæli sín m.a. á því að skattstofn til rekstrargjalds samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 væri ekki skilgreindur í lögum og því skorti PFS lagaheimild til álagningar rekstrargjalds almennt. Fór félagið því fram á það að PFS félli frá boðaðri álagningu þar sem lagagrundvöll fyrir henni skorti. Samkvæmt stjórnarskrá mætti löggjafinn ekki framselja til framkvæmdavaldsins ákvörðunarrétt um hvort skattur yrði lagður á, honum breytt eða hann afnuminn. Stjórnarskrárgjafinn gerði ríkar kröfur til skattlagningarheimilda varðandi efni og skýrleika. Skýra bæri skattlagningarheimildir þröngt auk þess sem það væri almenn meginregla í skattarétti að túlka bæri allan vafa skattaðila í hag.

PFS var komið á fót með lögum nr. 147/1996 til að annast almennt stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskiptamála. Var sú ráðstöfun liður í viðamiklum breytingum á fyrirkomulagi fjarskiptamála hér á landi, sbr. lög nr. 143/1996 um fjarskipti, sem m.a. fólu í sér afnám einkaréttar ríkisins á fjarskiptaþjónustu. Í 1. mgr. 5. gr. ofangreindra fjarskiptalaga kom fram að PFS veitti leyfi til *fjarskiptaþjónustu* og til þess að reka almennt *fjarskiptanet*. Samkvæmt lögnum þurfti ekki sérstakt leyfi til að veita *virðisaukandi þjónustu* eða til sölu á almennum notendabúnaði.

⁹⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

Í 9. gr. laga nr. 147/1996 um Póst- og fjarskiptastofnun var mælt fyrir um ýmsa gjaldtöku stofnunarinnar. Í 2. mgr. greinarinnar var kveðið á um greiðslu rekstrargjalds. Ákvæðið var svohljóðandi:

„Rekstrarleyfishafar skulu árlega greiða rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi.“

Samkvæmt 8. mgr. 9. gr. ofangreindra laga skyldi álagning og innheimta rekstrargjalds fara fram í samræmi við þágildandi tekju- og eignarskattslög. Það var því skattstjóri sem lagði rekstrargjaldið á í upphafi þar til álagningin færðist til PFS með nýjum lögum um stofnunina árið 1999. Ákvörðunum skattstjóra um álagningu rekstrargjalds var skotið til yfirsattanefndar samkvæmt almennum reglum tekju- og eignarskattslaga. Það gerði Landssími Íslands hf. (forveri Símans og Mílu) varðandi álagningu rekstrargjalds fyrir rekstrarárið 1997.

Í *úrskurði yfirsattanefndar nr. 80/2001* kom m.a. fram á bls. 10 að rekstargjald væri lagt á bókfærða veltu rekstrarleyfishafa og ákvarðað sem tiltekinn hundraðshluti af þeirri veltu. Bókfærð velta væri skilgreind svo í ákvæðinu að átt væri við rekstrartekjur sem leyfishafi hefði af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi. Ekki væri neinum vafa undirorpið að umrætt rekstrargjald teldist skattur í merkingu 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, enda væri gjaldið innheimt árlega af leyfishöfum sem tiltekinn hundraðshluti af veltu án þess að sérgreint endurgjald ætti fyrir að koma. Af framansögðu leiddi að heimild til álagningar gjaldsins yrði að vera ótvírædd í einstökum tilvikum og bæri almennt að túlka allan vafa í því efni greiðanda gjaldsins í vil. Þá segir:

„Á hinn bóginn er ljóst að umrætt gjald er samkvæmt *skýru orðalagi* 2. mgr. 9. gr. laga nr. 147/1996 lagt á *bókfærða veltu* rekstrarleyfishafa af *leyfisbundinni starfsemi* án nokkurs frádráttar. Gjaldið er einvörðungu lagt á *tekjur leyfishafa af leyfisbundinni starfsemi* en ekki á *tekjur hans af annarri starfsemi*.“ (leturbr. undirritaðs)

Þá kom fram í ofangreindum úrskurði yfirsattanefndar að það þætti leiða af 8. mgr. 9. gr. ofangreindra laga að við kærumeðferð hjá yfirsattanefnd í ágreiningsmáli vegna álagningar rekstrargjalds **yrði** m.a. að leysa úr því *hvort tilteknar tekjur leyfishafa teldust tekjur af leyfisbundinni starfsemi hans* hér á landi í skilningi 2. mgr. 9. gr. laganna og *féllu þar af leiðandi undir stofn til rekstrargjalds*. Yfirsattanefnd leysti síðan úr því álitamáli hvort nánar tilgreindir tekjuliðir Landssímans heyrðu undir stofn til rekstrargjalds eða ekki.

Ákvæði 4. mgr. 11. gr. laga nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun leysti 2. mgr. 9. gr. laga nr. 147/1996 af hólmi. Engin efnisleg breyting var gerð á ákvæðinu.

Með nógildandi lögum um fjarskipti nr. 81/2003 var fjarskiptalöggjöf ESB frá árinu 2002 innleidd í íslenskan rétt. Ein megin breytingin sem leiddi af hinum nýju fjarskiptalögum var að ekki var lengur krafist rekstrarleyfis til að stunda fjarskiptastarfsemi heldur störfuðu fjarskiptafyrirtæki eftir almennri heimild. Á sama tíma voru sett ný lög um PFS nr. 69/2003. Talsverðar breytingar voru gerðar á ákvæðinu um gjaldtöku stofnunarinnar sem varð 14. gr. hinna nýju laga. Í frumvarpsathugasemdum með þeirri grein kom m.a.

fram að greinin væri talsvert breytt frá gildandi lögum, m.a. vegna þess að leyfisbréf fyrir *fjarskiptaþjónustu* og *rekstur neta* væru ekki lengur gefin út. Þá kom fram að í 4. mgr. 14. gr. hefði álagningarhlutfall rekstrargjalds á fjarskiptafyrirtæki verið lækkað úr 0,25% í 0,20%.⁹⁷

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun hljóðaði þá svo:

„Fjarskiptafyrirtæki skulu árlega greiða Póst- og fjarskiptastofnun rekstrargjald sem nemur 0,20% af bókfærðu veltu og sömuleiðis skulu póstrekendur greiða 0,25% af árlegri veltu til stofnunarinnar. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af fjarskipta- og póstarfsemi sinni hér á landi. Rekstrargjald skal miða við næsta almanaksár á undan ákvörðun gjaldsins. Tekjur skal telja til bókfærðrar veltu á því ári sem þær verða til.“

Þessi málsgrein laganna felur í sér skattlagningarheimild og skilgreindir m.a. gjaldanda, skatthlutfallið og *skattstofninn*. Efnislega er ákvæðið sambærilegt ákvæðum fyrri laga um PFS að teknu tilliti til breytinga þeirra sem nauðsynlegar voru eftir að rekstrarleyfiskerfið var aflagt. Skattstofninn er því sá sami að breyttu breytanda, enda var hin rekstrarleyfisskylda starfsemi fólgin í *fjarskiptastarfsemi*, þ.e. í rekstri fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta, en ekki í virðisaukandi starfsemi eða starfsemi sem var fjarskiptastarfsemi óviðkomandi.

Í fyrsta málslið 4. mgr. 14. gr. laganna kemur fram að skattstofninn er *bókfærð velta*. Í öðrum málslið málsgreinarinnar er skilgreint hvað felst í því hugtaki, en um er að ræða *rekstrartekjur* af *fjarskiptastarfsemi* hér á landi. Skilgreiningin er því tvíþætt. Annars vegar *rekstrartekjur* og hins vegar *fjarskiptastarfsemi*. Almenn tætti það ekki að valda miklum vafa hvað *rekstrartekjur* eru. Það sama má segja um hugtakið *fjarskiptastarfsemi*, en það hugtak hefur grundvallaráhrif á útreikning skattstofnsins. Ljóst er að þær rekstrartekjur fjarskiptafyrirtækja sem stafa ekki af fjarskiptastarfsemi falla ekki undir stofn til rekstrargjalds. Því getur skapast ágreiningur um hvaða tekjur tilheyra fjarskiptastarfsemi og hverjar ekki⁹⁸.

Í skattalögum jafnt sem öðrum lögum koma iðulega fyrir orð og hugtök af ýmsu tagi. Sum eru skilgreind með skýrum hætti en önnur ekki (svokallaðar vísireglur). Hin óskilgreindu orð og hugtök þarf að skýra og við þá skýringu ber almennt að líta svo á að hugtakið hafi venjulega merkingu, þ.e. skýring samkvæmt orðanna hljóðan. Hugtakið *fjarskiptastarfsemi* er ekki skilgreint í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Hugtakið er heldur ekki skilgreint *með beinum hætti* í lögum um fjarskipti nr. 81/2003 en merking hugtaksins er ljós þar sem tengd hugtök er skilgreind í þeim lögum.

Í 1. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga segir að lögin gildi um *fjarskipti*, *fjarskiptaþjónustu* og *fjarskiptanet*. Samkvæmt þessu má gagnálykta á þá leið að lögin gilda ekki um

⁹⁷ Álagningarhlutfallið var síðan hækkað í 0,30% með lögum nr. 172/2006 í tengslum við endurskoðun á tekjustofnum PFS.

⁹⁸ Slíkur ágreiningur hefur nokkrum sinnum komið upp á milli Símans (eða forvera hans) og PFS, sjá t.d. úrskurð yfirskattanefndar nr. 80/2001, úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2006 og ákvörðun PFS frá 2. janúar 2007.

virðisaukandi þjónustu fjarskiptafyrirtækja né um þá starfsemi fjarskiptafyrirtækja sem er fjarskiptastarfsemi óviðkomandi, eins og t.d. fasteignaumsýsla, tiltekin leigustarfsemi o.fl. Samkvæmt 5. mgr. 1. gr. gilda lögin heldur ekki um efni (e. content) sem sent er um fjarskiptanet. Í II. kafla laganna (3. gr.) eru orðskýringar að finna. Hér að neðan verður gerð grein fyrir þeim orðskýringum sem hér skipta máli.

Fjarskiptafyrirtæki⁹⁹ er sá aðili sem tilkynnt hefur PFS um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.

Fjarskipti¹⁰⁰ telst hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.

Fjarskiptaþjónusta¹⁰¹ er þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur.

Fjarskiptanet¹⁰² er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennilínnum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.

Virðisaukandi þjónusta¹⁰³ er þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu¹⁰⁴.

PFS lítur svo á að orðið *fjarskiptastarfsemi* taki bæði til reksturs fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanets. Þannig er hugtakið *fjarskiptastarfsemi* víðtækara en svo að einungis sé átt við rekstur fjarskiptaþjónustu.¹⁰⁵

Samkvæmt ofangreindu falla undir gjaldstofninn allar þær tekjur sem fjarskiptafyrirtæki fá frá viðskiptavinum sínum sem afleiðing af fjarskiptastarfsemi, sem er megin starfsemi fjarskiptafyrirtækja.¹⁰⁶ Af þessu má draga þá ályktun að einungis þær tekjur sem

⁹⁹ Sbr. 11. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga.

¹⁰⁰ Sbr. 16. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga.

¹⁰¹ Sbr. 15. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga.

¹⁰² Sbr. 13. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga.

¹⁰³ Sbr. 29. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga.

¹⁰⁴ Þess má geta að í 18. tölulið aðfararorða persónuverndartilskipunar nr. 2002/58/EB segir að virðisaukandi þjónusta geti t.d. verið ráðgjöf um ódýrustu gjaldskrárpakkana, leiðsögn, upplýsingar um umferð, veðurspár og upplýsingar fyrir ferðamenn. Telja verður að þessi upptalning gefi ágæta hugmynd um hvers konar þjónusta geti talist til virðisaukandi þjónustu. Um er að ræða þjónustu sem er hrein viðbót við fjarskiptastarfsemi en telst í sjálfu sér engan hátt til fjarskiptastarfsemi. Því getur t.d. þriðji aðili sem ekki stundar fjarskiptastarfsemi innt virðisaukandi þjónustu að hendi, svo sem upplýsingaþjónusta, símatorgsþjónusta og sjónvarpsþjónusta, á sama hátt og fjarskiptafyrirtæki getur veitt slíka virðisaukandi þjónustu til viðbótar fjarskiptaþjónustu.

¹⁰⁵ Einnig mætti nota orðið *fjarskiptarekstur* í sama skilningi og orðið *fjarskiptastarfsemi*.

¹⁰⁶ Þess má geta að í greinargerð LOGOS, dags. 4. mars 2006, sem Síminn lagði fram við kærumeðferð fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála í máli nr. 3/2006, er m.a. fjallað um gjaldstofn í 4. kafla greinargerðarinnar. Þar segir orðrétt á bls. 10: „Skattaðilinn hefur þegar verið skilgreindur í lögnum, sbr.

fjarskiptafyrirtæki fá og tengjast ekki fjarskiptastarfsemi að nokkru eða öllu leyti falli utan gjaldstofnsins. Slíkar tekjur geta verið í formi virðisaukandi þjónustu¹⁰⁷ eða í formi tekna sem eru með öllu óviðkomandi fjarskiptastarfsemi, t.d. söluhagnaður eða húsaleigutekjur.

Af framangreindri umfjöllun má ráða að vega verður og meta hvert tilvik fyrir sig þegar úr því er skorið hvort tekjur af tiltekinni þjónustu teljast tengjast fjarskiptastarfsemi eða hvort um virðisaukandi þjónustu eða þjónustu óviðkomandi fjarskiptarekstri sé að ræða.

Meginsjónarmiðum Símans í þessum þætti málsins um að PFS skorti lagaheimild til álagningar rekstrargjalds þar sem skattstofninn væri ekki skilgreindur í lögum hefur í raun verið hafnað af úrskurðaraðilum. Vísað er til umfjöllunar um úrskurð yfirskattanefndar nr. 80/2001 hér að framan. Þá má vísa til **úrskurðar úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2006** í þessu sambandi. Þar segir t.d. á bls. 62:

„Álagning og innheimta rekstrargjalds á Póst- og fjarskiptastofnun eftir 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun er um margt óvenjuleg. Stofnunin sem ákvarðar gjaldstofn, hefur eftirlit með gjaldstofni, annast álagningu, innheimtir gjaldið og ákvarðar greiðsluskilmála gjaldsins er einnig sú stofnun sem skatturinn rennur beint til. Telst slík tilhögun varla heppileg.“ (leturbr. undirritaðs)

Þrátt fyrir að það sé mat úrskurðarnefndar að álagning og innheimta rekstrargjalds sé óvenjuleg og teljist varla heppileg er ljóst að löggjafinn hefur komið umræddu fyrirkomulagi á. PFS, fjarskiptafyrirtæki og úrskurðaraðilar verða því að hlíta umræddu fyrirkomulagi. Það er hins vegar ljóst samkvæmt tilvitnuðu orðalagi úrskurðarnefndar að PFS ákvarðar skattstofn rekstrargjalds og hefur eftirlit með honum. Hér er augljóst að úrskurðarnefnd telur að 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 hafi að geyma fullnægjandi skattlagningarheimild PFS til handa.

Þá kemst úrskurðarnefnd svo að orði á bls. 65 í umræddum úrskurði varðandi skýringu á skattstofninum, þ.e. *bókfærðri veltu*:

umfjöllun í fyrsta kafla minnisblaðsins. Skattstofn hans felst í þeim verðmætum sem honum hlotnast af fjarskiptarekstri. Í þessu felst að um hlýtur að vera að ræða verðmæti sem skattaðilinn, þ.e. Síminn, fær frá viðskiptavinum sem afleiðing af fjarskiptarekstri.”

¹⁰⁷ Þess má geta að á bls. 16 í úrskurði yfirskattanefndar nr. 80/2001 sagði orðrétt: „Vegna tilvísunar til „virðisaukandi þjónustu“ í þessu sambandi skal bent á að í lögum nr. 142/1996 um pósthjónustu er ekki hliðstætt undanþáguákvæði vegna slíkrar þjónustu og greinir í 2. mgr. 5. gr. fjarskiptalaga nr. 143/1996.“ Í umræddri 2. mgr. 5. gr. áðurgildandi fjarskiptalaga sagði að ekki þyrfti sérstakt leyfi til að veita virðisaukandi þjónustu eða til sölu á almennum notendabúnaði. Í núgildandi fjarskiptalögum er ekki að finna sambærilegt undanþáguákvæði varðandi virðisaukandi þjónustu þar sem ekki þarf lengur leyfi til að stunda fjarskiptastarfsemi. Hins vegar er ljóst að fjarskiptalög gilda um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet og ber PFS að hafa eftirlit með fyrirtækjum sem veita slíka þjónustu. Því verður að telja að í vafatilvikum verði að gjalda því varhug að telja tiltekna starfsemi virðisaukandi þjónustu ef starfsemin ber með sér að vera fjarskiptastarfsemi, a.m.k. að nokkru leyti. Að öðrum kosti er hætta á því að tiltekin starfsemi fjarskiptafyrirtækis, sem a.m.k. telst að nokkru leyti fjarskiptastarfsemi, falli utan gildissviðs laganna. Gæti það leitt til þess að samkeppnishagsmunir smærri aðila á markaði væru fyrir borð bornir. Ljóst er að rekja má uppruna orðskýringar á hugtakinu virðisaukandi þjónusta í fjarskiptalöggjöf fyrst og fremst til afmörkunar á gildissviði laganna almennt. Þetta verður að hafa í huga við túlkun á ofangreindum hugtökum fjarskiptalaganna.

„Nefndin lítur svo á að hugtakið „bókfærð velta“ vísi til veltu eins og hún er færð til bókar í ársreikningi fyrirtækis, sbr. lög nr. 144/1994 um ársreikninga. ... Gjaldstofn rekstrargjalds skal því samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 ákveðast 0,20% af heildarveltu fjarskiptafyrirtækja á þeim sviðum sem skilgreind eru að lögum sem fjarskiptaþjónusta.“ (letubr. undirritaðs)

Hérna slær úrskurðarnefnd af öll tvímæli um það hvernig skýra beri hugtakið *bókfærð velta*. Því er ljóst að ekki er unnt að fallast á það sjónarmið Mílu að sú staðreynd að hugtakið *fjarskiptastarfsemi* er ekki skilgreint í lögum leiði til þess að skattlagningarheimild sé ekki fyrir hendi. Hins vegar getur skapast ágreiningur á milli aðila um hvað teljist tekjur af fjarskiptastarfsemi og hvað ekki. Þetta er staðfest með neðangreindu orðalagi á sömu blaðsíðu í úrskurðinum:

„Málsaðila greinir einnig á um hvaða þjónusta Símans hf. skuli teljast fjarskiptaþjónusta, og því hluti af gjaldstofni, og hvaða þjónusta skuli teljast virðisaukandi þjónusta eða að öðru leyti falla utan stofns. Hvað þetta varðar vísast í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 og skilgreiningar II. kafla laga nr. 81/2003. Um sönnunarbyrði á því hvort ákveðnir tekjuliðir falli undir stofninn eður ei skal miða við almennu regluna, þ.e. þeim er það stendur næst ber sönnunarbyrðina, og hafa hliðsjón af stjórnarsýslulögum og reglum. ... Falli tekjur hinsvegar utan stofns eru þær ekki skattskyldar og því ekki um frádrátt að ræða í skilningi skattalaga.“ (letubr. undirritaðs)

Samkvæmt öllu ofangreindu er ljóst að skattstofn rekstrargjalds er leiddur af lögum en er ekki geðþóttaákvörðun PFS. Hins vegar getur skapast ágreiningur milli aðila um hvort tiltekna tekjur falli undir stofninn eða ekki. Það haggar ekki því að skattlagningarheimildin sem slík er skýr.¹⁰⁸ Því er ekki unnt að fallast á það sjónarmið Símans að skortur á skilgreiningu á hugtakinu *fjarskiptaþjónusta* leiði til þess að lagaheimild til álagningar rekstrargjalds sé ekki fyrir hendi þannig að PFS verði að falla frá boðaðri endurákvörðun rekstrargjalds Símans.

Síminn getur um það að samkvæmt stjórnarskrá megi löggjafinn ekki framselja til framkvæmdavaldsins ákvörðunarrétt um hvort skattur sé lagður á, honum breytt eða hann afnuminn. Stjórnarskrárgjafinn geri ríkar kröfur til skattlagningarheimilda varðandi efni og skýrleika. Skýra beri skattlagningarheimildir þröngt auk þess sem það er almenn meginregla í skattarétti að túlka beri allan vafa skattaðila í hag.

PFS er sammála öllu því sem þarna kemur fram í máli Símans enda er um viðurkenndar meginreglur í skattarétti að ræða. Hér að ofan hefur PFS rökstutt þá niðurstöðu að skattlagningarheimild rekstrargjalds sé nægilega skýr. Þar af leiðir að löggjafinn hefur ekki framselt PFS skattlagningarvald. Þetta hafa bæði yfirséttarnefnd og úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála staðfest. Þá geta meginreglunar um að skýra beri skattlagningarheimildir þröngt og að allan vafa beri að túlka skattaðila í hag ekki leitt til þess að skattlagningarheimild sé ekki til staðar í þessu máli, sbr. ofangreint.

¹⁰⁸ Ekki er óalgengt í skattarétti að skattstofnar séu tilgreindir með svipuðum hætti. Mætti hér t.d. nefna 1. gr. laga nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald. Þar segir að leggja skuli 0,08% gjald á allan iðnað í landinu. Þá má nefna að samkvæmt 1. Gr. laga nr. 84/1997 um búnaðargjald skal leggja búnaðargjald á veltu *búvöru* og *tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum*.

3.2 Ágreiningur um hvort tilteknir tekjuliðir falli innan stofns til rekstrargjalds

Eins og fram kom hér að framan byggði Síminn andmæli sín m.a. á því að tiltekinn tekjuliður sem PFS byggði á í boðun sinni gæti ekki fallið innan stofns til rekstrargjalds. Um væri að ræða tekjuliðinn “internetþjónusta”. Auk þess væri vísað til fyrri samskipta PFS og Símans í málinu þar sem félagið gerði m.a. athugasemdir við þær fyrirætlanir stofnunarinnar að fella ofangreindar tekjur undir skattstofninn. Gera yrði ríkar kröfur til þess að stofnunin gætti hófs við ákvörðun þess hvaða tekjuliðir féllu undir skattstofninn. Skýr skattlagningarheimild þyrfti að vera fyrir hendi, skattalagaákvæði bæri að skýra þröngt og allan vafa bæri að túlka skattaðila í hag.

PFS komst að þeirri niðurstöðu hér að framan að nægilega skýr skattlagningarheimild væri fyrir hendi svo stofnunin gæti lagt rekstrargjald á fjarskiptafyrirtæki. PFS er sammála Símanum um að stofnunin þurfi að gæta hófs við ákvörðun þess hvaða tekjuliðir falla undir skattstofninn. Einnig að allan vafa beri að túlka skattaðila í hag ef vafi er fyrir hendi. PFS getur ekki verið sammála því að það sé almenn regla að skattalagaákvæði beri að túlka þröngt. Þvert á móti ber að skýra skattalagaákvæði eftir orðanna hljóðan. Hins vegar ber að gjalda varhug við rýmkaði skýringu skattalagaákvæðis ef orðalag er óljóst. Þá gæti frekar komið til álita að skýra skattalagaákvæði þröngt.

Varðandi meðalhófið er ljóst að PFS gerði í boðunarbréfi sínu aðeins athugasemdir við tvo tekjuliði í bókhaldi Símans sem samanstandu að fjölmörgum liðum sem ýmist falla utan eða innan stofns til rekstrargjalds samkvæmt framtali félagsins. Um var að ræða „tekjur af internetþjónustu“ að fjárhæð kr. [...] ¹⁰⁹ og „tekjur vegna sjónvarpsdreifingar fyrir [...]“ ¹¹⁰ að fjárhæð kr. [...] ¹¹¹. Samkvæmt þessu gerði PFS ekki athugasemdir við marga tekjuliði í bókhaldi Símans. Síminn gerir ekki ágreining um að tekjurnar af sjónvarpsdreifingunni heyri undir skattstofninn en því nær ágreiningur þessa þáttar málsins einungis til tekna af internetþjónustu.

Andmæli Símans í bréfi, dags. 23. janúar s.l., bættu engu við fyrri andmæli Símans í málinu varðandi tekjur af internetþjónustu. Því byggir PFS niðurstöðu sína varðandi þennan þátt málsins á sömu forsendum og fram komu í boðunarbréfi PFS til Símans, dags. 18. desember s.l., sbr. neðangreint.

Síminn hefur haldið því fram að tekjur af sölu félagsins á internetþjónustu síðustu níu mánuði ársins 2007, að fjárhæð kr. [...] ¹¹², séu ekki gjaldskyldar til rekstrargjalds. Að mati Símans fellur internetþjónusta ekki undir skilgreiningu á hugtakinu *fjarskiptaþjónusta* eins og það er skilgreint í fjarskiptaregluverki ESB. Eins leikur verulegur vafi á því að internetþjónusta teljist fjarskiptaþjónusta í skilningi 14. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga ¹¹³ heldur upplýsingatækniþjónusta eða þjónusta í upplýsingasamfélaginu. Að mati Símans felur internetþjónusta ekki í sér að öllu eða

¹⁰⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹¹⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹¹¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹¹² Fellt brott vegna trúnaðar.

¹¹³ Nú 15. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, sbr. 1. gr. laga nr. 118/2008.

mestu leyti að flytja merki um fjarskiptanet. Með netaðgangi er hins vegar átt við þjónustu eins og ADSL þjónustu sem veitir netaðgang. Þjónustan sem liggja þar ofan á er hins vegar ekki fjarskiptaþjónusta.

PFS er ósammála ofangreindum skilningi Símans. Samkvæmt 15. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 er hugtakið *fjarskiptaþjónusta* skilgreint sem „þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur.“ Að mati PFS verður internetþjónusta ekki veitt með öðrum hætti en með því að beina merkjum um fjarskiptanet. Ekki verður talið að hér sé um *virðisaukandi þjónustu* að ræða en það hugtak er skilgreint í 29. tölul. ofangreindrar lagagreinar sem „þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.“ Sama fyrirtæki (t.d. internetþjónustuaðili) getir t.a.m. boðið fjarskiptaþjónustu, eins og aðgang að internetinu, og þjónustu sem telst virðisaukandi þjónusta, svo sem framboð efnis á vefgrunni.

Orðunum „*þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur*“ var bætt við skilgreiningu á hugtakinu *fjarskiptaþjónusta* í 14. tölul. 3. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með 1. gr. laga nr. 39/2007 um breytingu á lögum nr. 81/2003 um fjarskipti. Í frumvarpsathugasemduum kemur fram að hugtakið *fjarskiptaþjónusta* sé skilgreint nokkuð rúmt í 14. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga, þ.e. þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet. Hins vegar hafði verið lögð nokkuð þrengri merking í hugtakið en orðalag þess gefur beinlínis tilefni til. Í framkvæmd hefði *internetþjónusta* þannig ekki verið álitin falla undir hugtakið. Sú framkvæmd væri á hinn bóginn ekki í fullu samræmi við rammatilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/21/EB, en þar væri gert ráð fyrir að tölvupóstþjónusta og netaðgangur félli undir gildissvið tilskipunarinnar, sbr. 10. gr. formála hennar. Með netaðgangi væri átt við aðgang að internetinu og öðrum almennum IP-netum sem stæðu almenningi til boða. Í ljósi þess að með frumvarpinu væri lagt til að PFS yrði heimilað að setja reglur um öryggi fjarskiptaþjónustu (sem ættu m.a. að ná til *internetþjónustu*) þætti rétt að taka af allan vafa um að tölvupóstþjónusta og netaðgangur teldist jafnframt til fjarskiptaþjónustu. Loks kom fram að þessi breyting myndi jafnframt hafa í för með sér að stofn sá sem rekstrargjaldið væri reiknað út frá myndi einnig ná til þeirrar þjónustu sem nú væri almennt kölluð *internetþjónusta*.

Samkvæmt ofangreindu er ótvírætt að löggjafinn hefur með lagabreytingunni á árinu 2007 haft í huga að þjónusta sem almennt er kölluð internetþjónusta falli nú undir hugtakið *fjarskiptaþjónusta*. Þar af leiðir að tekjur af internetþjónustu mynda stofn til rekstrargjalds. PFS hækkar því rekstrargjaldsstofn Símans vegna tekna sem félagið hafði af internetþjónustu síðustu níu mánuði ársins 2007 en þær námu samkvæmt upplýsingum félagsins kr. [...] ¹¹⁴. Þá hækkar PFS rekstrargjaldsstofn félagsins um kr. [...] ¹¹⁵ vegna tekna vegna sjónvarpsdreifingar fyrir [...] ¹¹⁶.

¹¹⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹¹⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹¹⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

Samkvæmt öllu ofangreindu hækkar framtalinn stofn Símans til rekstrargjalds fyrir rekstrarárið 2007 um kr. [...] ¹¹⁷. Stofninn hækkar því úr kr. [...] ¹¹⁸ í kr. [...] ¹¹⁹. Samkvæmt þessu hækkar rekstrargjald Símans þar af leiðandi um kr. [...] ¹²⁰, úr kr. [...] ¹²¹ í kr. [...] ¹²², fyrir umrætt ár. PFS ákvarðar Símanum hf. rekstrargjald að nýju, að fjárhæð kr. [...] ¹²³, fyrir rekstrarárið 2007.

2.3 Vilji löggjafans með lögum nr. 172/2006

Eins og fram kom hér að framan byggði Síminn andmæli sín að lokum á því að með lögum nr. 172/2006 hefði skatthlutfall rekstrargjalds verið hækkað úr 0,2% í 0,3% vegna þess að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefði úrskurðað að innri velta Símans myndaði ekki stofn til rekstrargjalds. Tilgangur breytinganna hefði verið að gera PFS eins setta og áður.

Auk þeirra ástæðna sem getið er um í andmælum Símans fyrir umræddum lagabreytingum kemur fram í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 172/2006 að frumvarpið miðaði að því að breyta tekjugrunni PFS. Lagðar voru til breytingar á tekjustofnun stofnunarinnar þannig að starfrækslugjöld sem áður var kveðið á um í gjaldskrá PFS voru sett inn í lög um stofnunina sem tíðnigjöld (skattur). Breytingin var sögð miða af því að einfalda gjaldstofna stofnunarinnar og ýta undir hagnýta notkun tíðna.

PFS skal samkvæmt ofangreindum lögum leggja á 0,3% rekstrargjald á nánar tilgreindan skattstofn fjarskiptafyrirtækja. Samkvæmt 77. gr. stjórnarskrár getur stjórnvald ekki breytt skatti eða fellt hann niður að hluta eða í heild. Það verður aðeins gert með lögum. Ef í ljós kemur að rekstrargjald skilar meiri tekjum en fjárheimildir PFS á fjárlögum segja til um að stofnunin megi verja til rekstrar árlega er ekki óeðlilegt að skatthlutfallið sé endurmetið og lögumum þá breytt og hlutfallið lækkað. Það er hins vegar ekki á valdi PFS að taka ákvörðun um slíkt enda er stofnunin bundin af gildandi lögum.

Sérstaklega var tekið fram í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 39/2007 að breytingin á skilgreiningu fjarskiptaþjónustuhugtaksins myndi hafa í för með sér að stofn sá sem rekstrargjaldið væri reiknað út frá myndi ná til internetþjónustu. Umrætt ákvæði er skýrt sem og vilji löggjafans í þessu sambandi.

¹¹⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹¹⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹¹⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹²⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹²¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹²² Fellt brott vegna trúnaðar.

¹²³ Fellt brott vegna trúnaðar.

IV.

Samandregin niðurstaða

Skattlagningarheimild sú sem um getur í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun er að mati PFS, yfirs kattane fndar og úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála fullnægjandi til álagningar rekstrargjalds á fjarskiptafyrirtæki.

Það er niðurstaða PFS að tekjur Símans sem stafa af internetþjónustu eftir 31. mars 2007 og sjónvarpsdreifingu fyrir [...] ¹²⁴ á árinu 2007 myndi stofn til rekstrargjalds.

PFS mun með ákvörðun þessari fylgja eftir hinum boðuðu breytingum á rekstrargjaldi Símans sem tilkynnt var félaginu með bréfi, dags. 18. desember s.l.

Með vísan til ofangreindra forsendna og með stoð í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 ákvarðar PFS rekstrargjald á Símann að nýju þar sem álagningarstofn sá sem lagðar var til grundvallar álagningar rekstrargjalds á félagið þann 15. maí s.l. reyndist ekki réttur. Stofn til rekstrargjalds Símans vegna rekstrarársins 2007 ákvarðast því kr. [...] ¹²⁵ í stað kr. [...] ¹²⁶ eins og Síminn taldi fram til rekstrargjalds í maí 2008.

Rekstrargjaldið ákvarðast því kr. [...] ¹²⁷ í stað kr. [...] ¹²⁸ eins og það var ákvarðað með bréfi PFS, dags. 15. maí s.l. Mismunurinn, kr. [...] ¹²⁹, gjaldfellur við dagsetningu ákvörðunar þessarar og er eindagi mánuði síðar, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

¹²⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹²⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹²⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹²⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹²⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹²⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

Ákvörðunarorð

Gjaldstofn Símans hf. til rekstrargjalds fyrir rekstrarárið 2007 ákvarðast kr. [...] ¹³⁰ og rekstrargjald félagsins fyrir umrætt ár ákvarðast kr. [...] ¹³¹. Þar sem félagið hafði áður greitt kr. [...] ¹³² í samræmi við fyrir álagningu ber félaginu að greiða mismuninn, eða kr. [...] ¹³³.

Samkvæmt 7. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 er lögákveðnir gjalddagar vegna álagningar rekstrargjalds á árinu 2008 liðnir. Gjalddagi ógreidds rekstrargjalds miðast því við dagsetningu ákvörðunar þessarar og er eindagi mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá og með eindaga, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 1. apríl 2009

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

¹³⁰ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹³¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

¹³² Fellt brott vegna trúnaðar.

¹³³ Fellt brott vegna trúnaðar.

